



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um verkfall og verðmætamat. **13**



TÍMAMÓT Fegurðardrottning gerir góðverk með skólafélögnum. **14**



LÍFID Átta ungir hönnuðir koma á óvart og hanna hót-elherbergi upp á nýtt. **26**



SPORT Mamma Alfreðs sá soninn bæta markametið hjá Heerenveen. **22**

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

24. mars 2014
70. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Árás á Litla-Hrauni

Fangi á Litla-Hrauni sakar fjóra fanga-verði um að hafa gengið í skrokk á sér. Lögreglan á Selfossi rannsakar málið sem stórfellda líkamsárás. **2**

Týnd veröld að opnast Eyjaklasi í Myanmar, sem herforingjastjórnin hefur lokað af, er nú að opnast almenningi. **10**

Ekkert íslenskt hráefni Háir tollar eru á innflutt kartöflusnakk. Íslendingar greiddu um 145 milljónir í verndartolla í fyrra. **6**

Erfitt að sanna sök Skaðabótamál vegna læknismeðferðar eru erfið og þung í framkvæmd. **8**




SHALDÖR
12

Bolungarvík	1°	ASA 10
Akureyri	4°	ASA 9
Egilsstaðir	4°	SA 16
Kirkjubæjarkl.	6°	SA 11
Reykjavík	5°	SA 13

Mikil rigning sunnanlands en úrkomuminna annars staðar. Strekkingsvindur eða hvassviðri. Hiti 1 til 7 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Viðhald húsa | Fólk



LÉTT OG LAKTÓSAFRÍ



SJÁLSTÆÐISTORGID Í KÆNUGARÐI Á Maidan-torgi í Kænugarði má víða sjá vegatálma sem mótmælendur hafa sett upp til að varna hernum inngöngu. Övopnaðir eftirlitsmenn fylgjast með svæðinu til að tryggja öryggi borgaranna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Neita að rukka skatt af gjaldtöku við Geysi

Landeigendur við Geysi telja sér ekki skylt að innheimta virðisaukaskatt af aðgangseyri inn á svæðið. Landeigendur í Kerinu hafa tekið þá stefnu að innheimta skattinn. Ríkisskattstjóri telur augljóst að starfsemin sé virðisaukaskattskyld.

SKATTAMÁL Landeigendur við Geysi telja sér ekki skylt að innheimta virðisaukaskatt af aðgangseyri inn á svæðið. Ríkisskattstjóri telur engar undanþágur í lögum ná yfir sölu aðgangseyris og vill að landeigendur rúki skattinn.

Óvissa virðist vera um hvort innheimta beri virðisaukaskatt þegar selt er inn á ferðamanna-staði. Í Kerinu, þar sem gjaldheimta hófst í fyrra, hafa landeigendur ákveðið að innheimta virðisaukaskatt af aðgangseyrinum. Landeigendur á Geysissvæðinu ætla ekki að innheimta skattinn.

„Þetta er ekki virðisaukaskattskyld þjónusta,“ segir Garðar Eiríksson, talsmaður landeigenda, spurður út í málið. „Ástæðan er sú að þetta er ekki sérskráð fasteign og ekki hægt að fá hana skráða sem slíka. Þetta er landvarsla, sem er ekki virðisaukaskyld.“

Hann segir að sérfræðingar sem landeigendur fengu til að meta stöðuna hafi ráðlagt þeim að innheimta ekki skatt af aðgangseyrinum og hafi þeir ákveðið að fylgja þeim tilmælum. Innheimta 600 króna aðgangseyris hófst fyrir rúmri viku, en

ÝMSAR UNÐANÞÁGUR AÐ FINNA Í LÖGUNUM

Tæmandi listi af undanþágum frá lögum um virðisaukaskatt er talinn upp í lögum um skattinn. Á honum má meðal annars finna eftirfarandi:

- Heilbrigðisþjónusta og heilsuhæli.
- Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila og fleira.
- Rekstur skóla og menntastofnana.
- Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum.
- Íþróttastarfsemi.
- Fólksflutningar.
- Póstþjónusta.

fjármálaráðuneytið hefur stefnt landeigendum til að reyna að koma í veg fyrir gjaldheimtuna.

„Við sendum líka fyrirspurn til Ríkisskattstjóra fyrir sjö mánuðum en höfum ekki enn fengið svar,“ segir Garðar.

„Það er engin lagaleg óvissa frá okkar bæjardrym séð,“ segir Bjarni Amby Lárusson, lögfræðingur hjá Ríkisskattstjóra.

Hann segir að almennt sé eigi að innheimta virðisaukaskatt af allri þjónustu. Á því séu undantekningar í lögnum, en ekki verði séð að nein þeirra eigi við sölu aðgangseyris á ferðamanna-stöðum.

Hann bendir á að samkvæmt lögnum beri þeim sem stundi virðisaukaskattskylda starfsemi að innheimta skatt. Geri þeir það ekki þurfi þeir engu að síður að greiða skattinn. Sektir og fangelsisdómar liggja við því að standa ekki skil á vörslusköttum á borð við virðisaukaskatt.

Garðar segir að landeigendur muni fara að lögum. Verði það niðurstaðan að þeir eigi að greiða virðisaukaskatt af aðgangseyrinum verði það gert. En eins og staðan sé núna sé engin ástæða til að innheimta skattinn af seldum miðum á Geysissvæðinu.

brjann@frettabladid.is

Kjaraviðræður ganga hægt: Langt í land hjá kennurum

KJARAMÁL Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður samninganeftdar framhaldsskólakennara, segir töluvert langt í land þar til kjarasamningar náist. Verkfall hefur nú staðið yfir í viku. „Þetta hefur gengið mun hægar fyrir sig en við vorum að undirbúa okkur fyrir. Við bjuggumst við að það yrði meiri vinna í málum yfir helgina en það er greinilegt að samninganeftnd ríkisins telur sig þurfa meiri tíma sín megin til að fara yfir mál,“ segir Aðalheiður.

Fundað var fram á sjöunda tím-ann í gær og ætla aðilar að hittast aftur klukkan tíu í dag. -fbj



SPURNING DAGSINS



Vigdís, er þetta fyrsta ljóð-lympíugullíð þitt?

Já. Þetta er fyrsta gullið, en ég stefni á heimsmeistaratilinn í ljóðaslampi.

Vigdís Ósk Howser bar sigur úr býtum á Ljóð-lympíuleikunum á fyrir helgi, sem er keppni í ljóðaslampi.

Auroracoin, ný íslensk rafmynt, fer í drefingu til þeirra Íslendinga sem vilja:

Um 40 þúsund fyrir hvern íbúa

EFNAHAGSMÁL Á miðnætti í kvöld verður Íslendingum gert kleift að verða sér út um Auroracoin, sem er nýr rafrænn gjaldmiðill. Á heimasíðu myntarinnar segir að atburðurinn geti skapað aðstæður fyrir Íslendinga til að hefja almenna notkun gjaldmiðilsins.

„Þetta getur þróast á marga vegu, en ég tel líklegt að notkun á Auroracoin muni aukast jafnt og þétt þegar líður á þetta ár sem ég ætla verkefninu,“ segir einstaklingur á bak við gjaldmiðilinn sem gengur undir

dulnefninu Baldur Friggjar Óðinson.

Baldur mun ekki gefa upp með hvaða hætti Íslendingar geta nálgast sinn skammt fyrir en á miðnætti. Hver og einn getur sótt 31,8 AUR, sem samsvarar tæpum 40 þúsund krónum, miðað við markaðsvirði Auroracoin í gærkvöldi.

„Ég tek það fram að þetta verð byggist á mati spákaupmanna á þessari stundu og það getur reynst mjög rangt á hvorn veginn sem er.“

-skó



NÝR GJALDMIÐILL Dreifingin hefst á miðnætti í kvöld. MYND/AURORACOIN.ORG

Skrifað undir viljayfirlýsingu:

Ný íþróttamiðstöð hjá GK

SKIPULAGSMÁL Formaður Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, Guðmundur Oddsson, skrifaði í gær undir viljayfirlýsingu um byggingu nýrrar íþróttamiðstöðvar GK ásamt bæjarstjórnunum Ármanni Kr. Ólafssyni og Gunnari Einarssyni.

GK er 20 ára á þessu ári. Í klúbbum eru nú tvö þúsund félagar, en klúbburinn segir aðstöðuna ekki hafa fylgt auknu fjölda iðkenda.

-fbj



SKÍÐASVÆÐI Skíðasvæðið í Sotsj hafði aðeins verið opið í tvo daga eftir Vetrarólympíuleikana þegar flóðið féll.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Snjóflóð féll í Sotsj í gær:

Tveir skíðamenn létust

RÚSSLAND, AP Snjóflóð varð tveimur skíðamönnum að bana á skíðasvæðinu sem notað var á Vetrarólympíuleikunum í Sotsj í Rússlandi í gær. Svæðið hafði aðeins verið opið almenningi í tvo daga frá því leikunum lauk þegar snjóflóðið féll.

Sex manns voru svæðinu þar sem flóðið féll. Björgunarmenn grófu upp tvær konur sem þegar voru látnar en fjórir aðrir skíðamenn sluppu ómeiddir.

Talsmenn skíðasvæðisins hafa sent vinum og fjölskyldum þeirra látnu samúðarkveðjur.

-fbj

Fjöldafundur á Gaza í gær:

Hamam-samtök í kröggum

GAZA, AP Tugir þúsunda stuðningsmanna Hamam-samtakanna komu saman í miðborg Gaza í gær til að sýna styrk sinn. Samtökin eru í fjárkröggum um þessar mundir, þeim verstu síðan þau komust til valda á svæðinu fyrir sjö árum.

Leiðtogar Hamam lögðu í gær mikla áherslu á að samtökin legðust alfarið gegn friði í Mið-Austurlöndum og séu tilbúin í stríð gegn Ísrael hvenær sem er.

„Andspyrnuhreyfingin er sterkari en þið haldið,“ sagði forsætisráðherra Hamam á samkomunni.

-fbj

Líkamsárás fanga-
varða rannsökuð

Fangi á Litla-Hrauni sakar fjóra fangaverði um að hafa gengið í skrokk á sér og meðal annars brotið í sér tvær tennur. Þá hafi hann að tilefnislausu verið settur í einangrun yfir nóttina. Lögreglan rannsakar málið sem stórfellda líkamsárás.

FANGELSISMÁL Lögreglan á Selfossi rannsakar nú meinta stórfellda líkamsárás fjögurra starfsmanna Litla-Hrauns á fanga sem situr þar inni. Árásin mun hafa átt sér stað síðastliðinn miðvikudag.

Fanginn, sem vill ekki láta nafns síns getið, segir í samtali við Fréttablaðið að einn starfsmaður fangelsisins hafi komið upp að sér ásamt þremur fangavörðum. Þeir hafi beðið hann að fylgja sér í klefa hans til að gera þar leit. Ekki munu þeir þó hafa farið í klefan heldur gerir hann að þeir hafi gengið í skrokk á honum og meðal annars kýlt hann svo tvær tennur brotnuðu. Eftir árásina er hann mjög aumur í kjálkanum og finnur fyrir miklum bakverkjum.

„Þá taka þeir mig, rifa mig úr fötunum og setja mig í einangrunarklefa í eina nótt. Þar má ég hringja eitt samtál sem ég notaði til að hringja í lögmanninn minn,“ segir maðurinn.

Tveir lögreglumen fóru þá á Litla-Hraun ásamt lögmanni til þess að taka myndir af fanganum og áverkum hans og var hann aftur færður úr einangrun í klefa sinn. Morguninn eftir segist hann hafa séð forsprakka þeirra, sem hann sakar um að hafa ráðist á sig, glotta til sín. „Hann glottir bara, spyrjandi hvort ég sé eitthvað hnjaskaður. Ég segi auðvitað er ég hnjaskaður eftir að þú varst að lemja mig. Hann spyr hvort ég sé ekki bara hnjaskaður út af döpínu.“ Fanginn hefur setið inni á Litla-Hrauni í um hálf tveimur árum. „Honum er búið að vera meinilla við mig frá því að ég kom.“



LITLA-HRAUN Fangi segir fangaverði hafa gengið í skrokk á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Maðurinn kveðst ekki hafa gert neitt til að verðskulda þessa meðferð og ekki sé í lagi að forsprakki umræddra fangavarda fái að starfa áfram í fangelsinu. „Það er ekki í lagi að þessi maður fái að stjórna líðan manna. Það er búið að svipta okkur frelsinu og þarf ekki að lemja okkur líka. Hann hefur ekkert sér til málsbóta.“

Lögreglan á Selfossi staðfesti að málið sé til rannsóknar en vildi ekki gefa neinar frekari upplýsingar. Forsprakki fanga-
varðanna sem um ræðir neitaði að tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið. Þá náðist hvorki í Margréti Frimannsdóttur, forstöðukonu Litla-Hrauns, né Pál Egil Winkel, forstjóra Fang-

“Hann glottir bara, spyrjandi hvort ég væri eitthvað hnjaskaður. Ég segi: „Auðvitað er ég hnjaskaður eftir að þú varst að lemja mig“. Hann spyr hvort ég sé ekki bara hnjaskaður út af döpínu.“

elsismálastofnunar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ekki fengust upplýsingar um það hvort fanga-
verðirnir hafi verið leystir frá störfum meðan á rannsókninni stendur.

bjarkia@365.is
samuel@frettabladid.is



TIL HÓLMAVÍKUR Forsetahjónin heimsækja meðal annars Sauðfjársetrið á Ströndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forsetahjónin í heimsókn:

Verða í Hólma-
vík og nágrenni

SAMFÉLAGSMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorr-it Moussaieff, forsetafrú, heimsækja Hólma-
vík og nágrenni í dag.

Heimsóknin hefst í Grunn- og tónskóla Hólma-
víkur. Þaðan verður haldið að leikskólanum Lækjarbrekku og því næst liggur leiðin í rækjjuvinnsluna Hólma-
drang.

Forsetahjónin munu jafnframt kynna sér starfsemi Vegagerðarinnar, Orkubús Vestfjarða og Þróunarsetursins á Hólma-
vík. Hjónin munu heimsækja Heilbrigðis-
stofnun Vesturlands á Hólma-
vík og lýkur heimsókninni í Sauðfjársetrinu á Ströndum þar sem þau munu m.a. skoða sýningarnar Sauðfé í sögu þjóðar og Álagablettir.

-fb

Glímdi við Alzheimer:

Suarez látinn
81 árs að aldri

SPÁNN, AP Adolfo Suarez, fyrsti lýðræðislega kjörni forsætisráðherra Spánar eftir fráfall Franciscos Francos einræðisherra, lést í gær.

Suarez var 81 árs á dánardegi sínum en hafði glímt við Alzheimer-sjúkdóminn í um áratug. Hann lést síðdegis í gær á Centro Clinic-sjúkrahúsinu í Madrid en hafði verið lagður inn fyrir viku vegna lungnabólgu.

Juan Carlos konungur gerði Suarez að forsætisráðherra árið 1976 og gegndi hann því embætti til ársins 1981.

-fbj

Stórt bandarískt matvælafyrirtæki hættir viðskiptum við HB Granda:

Missa viðskipti vegna hvalveiða

VIÐSKIPTI Norður-ameríska matvælafyrirtækið High Liner Foods hefur ákveðið að hætta viðskiptum við HB Granda vegna tengsla félagsins við hvalveiðar. Þetta tilkynnti High Liner, sem er eitt stærsta matvælafyrirtæki Bandaríkjanna, á sölusýningunni Seafood Expo North America í síðustu viku.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, segir í frétt á heimasíðu félagsins að hann sjái ekki ástæðu til að tjá sig um viðskipti þess við bandaríska félagið. Hann segir hlutabréf HB Granda ganga kaupum og solum á markaði og útilokað sé fyrir félagið að hlutast til um hvernig einstakir hluthafar hagi sínum höfum. Vísar hann þar til þess að HB Grandi tengist hvalveiðum í gegnum eignarhald þar sem stærsti hluthafi þess er félagið Vogun sem er í eigu fiskveiðihlutafélagsins Venusar. Venus er meðal annars í eigu Kristjáns Loftssonar, forstjóra Hvals. Kristján er enn fremur stjórnarformaður HB Granda.

„Við erum sammála stjórnvöldum í skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda en höfum ekkert með það að gera hvaða starfsemi einstakir hluthafar kjósa að stunda eða stunda ekki,“ segir Vilhjálmur.

Auglýsingar gegn hvalveiðum Íslendinga eru áber-



VARA VIÐ ÍSLENSKU SJÁVARFANGI Dýraverndarsamtök vilja ekki að skipt sé við fyrirtæki sem tengjast hvalveiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL ALMAR AGÚSTSSON

andi í Bandaríkjunum þessa dagana og má sjá eina slíka utan á strætisvögnum í Boston þar sem spurt er: „Veist þú hver veiddi þitt sjávarfang?“ Auglýsingin kemur frá vefsíðunni Don't Buy From Icelandic Whalers sem mörg dýraverndarsamtök standa að.

-fbj



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic



Fæst hvítt eða sífurlítad!

39"

42"

GLÆSILEG HÖNNUN

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+

Panasonic TXL39E6

119.990

VERÐ ÁÐUR 149.990

Panasonic TXL42E6

129.990

VERÐ ÁÐUR 169.990


Framúrskarandi myndgæði

100Hz Backlight Blinking tryggir flóktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfínanlega.

Viera Connect WiFi snjallsjónvarp

Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen“ getur notandinn aðlagð að sínum þörfum hvað birtist á

skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjalddölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.



„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an attractively slim design“ cnet – Editors choice

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



SVONA ERUM VIÐ



1.636 fjórhjól fluttu ís-
lendingar inn árin
2003 til 2006.

Næstu sex ár, 2007 til 2012, fluttum við hins vegar inn 9 fjórhjól. 57 slík hjól voru flutt inn í fyrra.

Heimild: Hagstofa Íslands

Forsætisráðherra er bjartsýnn á að flest stór mál komi fram áður en frestur rennur út hinn 31. mars:

Skuldafrumvörp verða birt á morgun

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir frumvörp um skuldamál tilbúin og að þau verði lögð fram á morgun í ríkisstjórninni.

Þetta sagði hann í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Hann sagði frumvörpin verða í samræmi við það sem þegar hafi verið kynnt og að þau muni standast væntingar.

Sigurjón M. Egilsson þáttastjórnandi spurði forsætisráðherra hvort ríkisstjórninni tækist á stuttum tíma að koma öllum stóru málunum í þinginu að. „Mér sýnist að það gangi nokkurn veginn samkvæmt áætlun, þó að auðvitað verði ekki öll frumvörp sem ríkisstjórnin hefur kynnt

og setti í málaskrá sína lögð fram á þessu þingi. Ég er að minnsta kosti bjartsýnn á að öll þessi mál sem þarf að klára núna komi fram,“ sagði Sigmundur.

Síðasti dagurinn til að leggja fram ný mál á þessu þingi er mánudagurinn 31. mars. Þó er hægt að koma fram með ný mál síðar en þá þarf að samþykka að afgangi þau með afbrigðum.

Mörg stór mál eru á áætlun ríkisstjórnarinnar fyrir vetrar- og vorþing 2014 sem ekki hafa litið dagsins ljós. Fyrir utan skulda- og verðtryggingarfrumvörp má nefna frumvörp um breytingar á Seðlabanka Íslands, staðgöngumæðrun, gjaldtöku í ferðapjónustu og stjórn fiskveiða. - fbj



SAMKVÆMT ÁÆTLUN Forsætisráðherra segir skuldafrumvörpin verða kynnt í ríkisstjórn í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stuðningur íslensku þjóðarinnar við Úkraínu skiptir miklu máli

Opinberri heimsókn Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra til Úkraínu lauk í gær. Utanríkisráðherra Úkraínu segist treysta á refsiaðgerðir Vesturlanda. Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, tók myndir af mannlífinu á Sjálfstæðistorginu í Kænugarði.




ÞAKKAÐI STUÐNING ÍSLENDINGA Deshchytzia utanríkisráðherra sagði stuðning hvernar og einnar þjóðar mikilvægt lóð á vogarskálarnar til að tryggja frið og stuðla að þeirri uppbyggingu og endurbótum sem svo mikil þörf væri á.



SJÁLFSSTÆÐISTORGIÐ Gunnar Bragi sagði það áhrifamikla upplifun að koma þangað sem svo margir létu lífið og hitta mótmælendur sem segjast hvergi munu fara fyrr en þeir telja tryggt að breytingar verði til frambúðar.



LÁTINNA MINNST Gunnar Bragi staðfesti á fundi með utanríkisráðherra Úkraínu að Ísland hygðist taka þátt í eftirlitssveit ÖSE í Úkraínu sem verið er að setja á lagginnar.



CLEVER
LÁGHITA
MIÐSTÖÐVAROFNAR

RADSON
áreiðanlegur hitagjafi

10 ára ábyrgð

Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 21°	Friedrichshafen 6°	New York 1°
Apéna 20°	Gautaborg 9°	Orlando 22°
Basel 15°	Kaupmannahöfn 9°	Ósló 8°
Berlín 12°	Las Palmas 21°	París 12°
Billund 10°	London 10°	San Francisco 17°
Frankfurt 11°	Mallorca 18°	Stokkhólmur 9°

Á MORGUN
Strekkingur með S-strönd annars hægari.

MIÐVIKUDAGUR
Allhvasst víða um land.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrónnar Helgason hronnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



470.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 4.190.000 kr.

Ford Kuga Titanium S AWD TKV42
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 71.000 km.
Ásett verð: 4.660.000 kr. Í ábyrgð

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



300.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 1.590.000 kr.

Peugeot Boxer Van YG734
Skráður október 2007, 2,2TDi dísil, beinsk.
Ekinn 153.000 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr.



260.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 990.000 kr.

Nissan Primera Acenta PS217
Skráður október 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 111.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.



Verð: 1.990.000 kr.

Ford Fiesta Trend AZR23
Skráður maí 2012, 1,4TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 63.000 km. Í ábyrgð

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



300.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 1.390.000 kr.

Nissan X-Trail Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



560.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 3.390.000 kr.

Ford Escape Limited AWD LDB02
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.950.000 kr.



Verð: 4.120.000 kr.

Mazda6 Vision IEG75
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 32.000 km. Í ábyrgð

FINNDU BÍLINN ÞINN



NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrdú ráðgjafa.

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING



200.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.790.000 kr.

Ford Edge SEL+ EHH56
Skráður desember 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 97.000 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr.



260.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 3.490.000 kr.

Ford Focus Titanium OLF07
Skráður mars 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 36.000 km.
Ásett verð: 3.750.000 kr. Í ábyrgð



200.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 1.990.000 kr.

Toyota Auris MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.



150.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 3.240.000

Ford Focus Trend UYA01
Skráður nóvember 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. Í ábyrgð



200.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 990.000 kr.

Citroën C4 Saloon Comfort R0789
Skráður febrúar 2007, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 81.000 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 5.590.000

Toyota Land Cruiser 120 VX ADH19
Skráður desember 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTTI!

Tilboð: 2.590.000 kr.

Toyota Avensis EXE YTV91
Skráður september 2009, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 78.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bilgrænni

Öruggur staður til að vera á

VEISTU SVARIÐ?



Hversu margar eyjar eru í eyjaklasanum sem er að opnast í Myanmar?

Hvað ætla átta hönnuðir úr Lista-háskóla Íslands að gera?

Hversu mörg skaðabótamál voru höfðuð á hendur íslenska ríkinu vegna læknastaka 2011-2012?

SVÖR
Reykjavík, Ellefu.
1.800.2.Umbreyta hótélherbergjum í

Frakkar lögðu fram nýjar gervihnattamyndir sem sýna brak í Indlandshafi:

Árangurslaus leit um helgina

MALASÍA, AP Nýjar myndir úr frönsku gervitungli sýna mögulegt brak úr malasísku flugvélinni sem hvarf 8. mars með 239 manns innanborðs.

Myndirnar eru af sama hluta Indlandshafs og myndir sem Kínverjar höfðu áður sent af mögulegu braki. Þó eru tæplega eitt þúsund kílómetrar á milli staðanna, en leitar-svæðið er gríðarlega stórt. Leit um helgina var erfið þar sem ský drógu verulega úr skyggni.

„Leitin var mjög svekkjandi, því það voru ský alveg niður að sjó. Á

köflum vorum við alveg umluktir skýjum,“ sagði Russel Adams, flugmaður einnar leitarvéllanna. Þrátt fyrir að ekkert hafi fundist segir Russel að hver ferð sé þess virði. „Við förum kannski tíu ferðir og finnum ekki neitt, en í elleftu ferðinni þegar þú finnur eitthvað, veistu að þú hefur mögulega fundið svör fyrir aðstandendur farþeganna.“

Leitin að vélinni heldur áfram, en yfirvöld í Malasíu hafa ekki útilokað neinar mögulegar ástæður þess að vélin hvarf.

-skó



VEIFA LEITARMÖNNUM Vallarstarfsmenn flugvallar í Malasíu veifa til flugvélar sem er á leið til Ástralíu og þaðan til leitar á Indlandshafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flaug í tyrkneska lofthelgi:

Skutu niður sýrlenska vél

TYRKLAND, AP Tyrkneskar herþotur skutu niður sýrlenska herflugvél eftir að hún fór inn í tyrkneska lofthelgi.

„Ef lög eru brotin með flugi inn í lofthelgi okkar þá munum við refska grimmilega,“ sagði forsætisráðherra Tyrklands. Talsmaður sýrlenska hersins gagnrýndi harðlega viðbrögð Tyrklands.

Hann sagði að flugvélinn hefði flogið inn í lofthelgina þegar hún var að ráðast til atlögu gegn upp-reisnarmönnum.

-fb



31 VERKEFNI Geðverndarfélag Íslands fékk styrk frá ráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ráðuneyti veitti ellefu styrki:

67 milljónir í ýmis verkefni

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur samþykkt styrkveitingar til 31 verkefna í vegum íslenskra félagasamtaka sem starfa á sviði heilbrigðismála, þar af fimm styrki til verkefna sem njóta styrks til tveggja ára samkvæmt samningum sem gerðir voru í fyrra. Ekki eru veittir styrkir til verkefna sem hljóta framlög á fjárlögum, falla undir sjóðs ráðuneytis eða fá fjármuni á grundvelli samninga við ráðuneytið.

Meðal þeirra sem hlutu hæstu styrkina eru Endurhæfingarmiðstöð Geðverndarfélags Íslands til áfangheimilis fyrir geðfatlaða, Gigtarfélag Íslands, Heyrnarhjálp, Krabbameinsfélag Íslands og SIBS.

-fbj

Fyrstu sprengingu hleypt af:

Byrjað á Norðfjarðargöngum

SAMGÖNGUR Bæjarstjóri og bæjarráð Fjarðabyggðar hleyptu í sameiningu af fyrstu sprengingunni vegna Norðfjarðarganga Fanndalsmegin á laugardagskvöld og hófu með þeim formlega sjálfa jarðgangagerðina.

Af þessu tilfelli fór einnig fram athöfn í nafni heilagrar Barböru, verndardýrlings námumanna, að kaþólskum sið og var líkneski af dýrlingnum komið fyrir innan við upphafsmörk ganganna. Að athöfninni stóðu Metrostav og Suðurverk, verktakar Norðfjarðarganga.

-fbj

Nota ekki íslenskt hráefni í framleiðslu kartöflusnakkks

Háir tollar eru á innflutt kartöflusnakk og greiddu íslenskir neytendur um 145 milljónir í fyrra í verndartolla. Lögmaður segir fyrirtæki vera að skoða réttarstöðu sína. Neytendasamtökin eru alfarið á móti slíkum tollum.

VIÐSKIPTI Háir tollar eru lagðir á kartöflusnakk sem flutt er inn til landsins.

Alls er 59 prósentu tollur lagður á snakk sem unnið er úr kartöflum og 42 prósentu tollur á snakk sem unnið er úr kartöflumjöli. Þannig greiddu íslenskir neytendur 145 milljónir í verndartolla á innfluttu kartöflusnakk árið 2013. Á sama tíma er innflutningur á snakk sem unnið er úr korni tollfrjálst frá Evrópu, en utan Evrópu er tollurinn á kornsnakk 20 prósent eða meira en helmingi lægri en á kartöflusnakk.

Aðeins tvö fyrirtæki hér á landi framleiða kartöflusnakk. Samkvæmt innihaldslýsingum á snakkinu sem þau framleiða notar hvorugt þeirra íslenskar kartöflur, eða annað innlent hráefni, í framleiðslu sína. Snakkid er búið til úr svokölluðum „pellets“ sem fluttar eru inn.

Undanfarið hafa þær raddir orðið hávæðari sem draga í efa lögmæti þessarar gjaldheimtu. Hjördís Birna Hjartardóttir, lögmaður á Málflutningsstofu Reykjavíkur, segir nokkur fyrirtæki vera að skoða réttarstöðu sína vegna hárrar gjaldtöku af innfluttu kartöflusnakk. Þessi fyrirtæki ihugi nú að stefna íslenska ríkinu og láta á það reyna hvort svona sérhagsmunadrifin gjaldtöku standist ákvæði stjórnarskrár.

„Það er ljóst að ekkert innlent hráefni fer í að búa til það snakk sem þessir tveir innlendu framleiðendur eru að selja. Sú röksemdafærsla að verið sé að vernda íslenskan landbúnað er þess vegna að engu hafandi. Í besta falli er verið að vernda verksmiðjuframleiðslu á snakk úr erlendu hráefni,“ segir Hjördís.



NEYTENDUR TAPA Tollarnir virðast aðeins vernda tvo framleiðendur kartöflusnakk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þá segir hún það vekja athygli hvernig gerður sé greinarmunur á kartöflusnakk annars vegar og kornsnakk hins vegar. Lagðir séu ofurtollar á kartöflusnakk, en mun lægri eða engir tollar á kornsnakk, en þessar vörur séu í beinni samkeppni hvor við aðra. Munurinn er sá að kartöflusnakk er framleitt hér á landi en ekki kornsnakk.

„Markmiðið með tollunum virðist því vera að vernda þessa tvo framleiðendur sem selja kartöflusnakk.

Enginn munur er hins vegar á kartöflu- og kornsnakk í þeim skilningi að hvorugt er framleitt úr íslenskum landbúnaðarafurðum. Er því vandskilið hvað réttlætir þennan gífurlega mun annað en að vernda einstök fyrirtæki,“ segir Hjördís.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir samtökin alfarið á móti tollum af þessu tagi.

„Við teljum að það eigi að lækka og í sumum tilvikum afnema alfarið

tolla af vörum sem eru framleiddar úr landbúnaðarvörum hvort sem þær sjálfar eru innfluttar eða hráefnið innflutt. Þarna er verið að vernda mjög fáa framleiðendur en það er verið að senda hærra reikning heldur en nauðsynlegt er á heimilinn í landinu,“ segir Jóhannes og bætir við: „Þetta er bara iðnaðarframleiðsla og á að vera tollfrjálst eins og önnur matvælaíðnarframleiðsla sem kemur inn í landið.“

fanney@frettabladid.is

Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli

Otrivin[®]
Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópiumbromíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrúttinnar nefslímhúðar) og nefrennsli af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xylometazólinhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflokkuna milli fingrana. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flokkunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflokkunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með öfnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, öfnæmi fyrir atropíni eða svipuðum efnum (t.d. hyoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða muninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, erfðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigisjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umbod á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Nýtt!
2:1



Nýr Golf.



40 Years GOLF

Komdu við í HEKLU og
reynsluaktu Volkswagen Golf

Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rós in í hnappagatið þegar 66 bílblaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

Volkswagen Golf kostar frá
3.540.000 kr.*

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskíptur, 122 hestöfl.



WORLD CAR
AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN
OF THE YEAR



Das Auto.

STANGAVEIÐI Í VOPNAFIRÐI

Veiðileyfi á silungsvæði Hofsár sumarið 2014



Við viljum vekja athygli á stangaveiði í Vopnafirði. Þessa dagana erum við að leggja lokahönd á úthlutun veiðidaga í Hofsá.

Áhugasamir hafi samband við Kristínu í Syðri-Vík í síma 473-1199 og 848-0641 og Orra Vigfússon í orri@sela.is

Gistimöguleikar m.a. í Syðri-Vík og sumarhúsum.



NÝTT Gítarnámskeið

hefst í apríl
6 einkatímar
upplýsingar í síma 581 1281

gitaraskoli@gitaraskoli.is
www.gitaraskoli.is

Erfitt að sanna sök vegna heilsutjóns

Skaðabótamál vegna læknismeðferðar eru erfið og þung í framkvæmd. Þung sönnunarbyrði, seinleg öflun gagna og lítið læknasamfélag á Íslandi hafa áhrif.

HEILBRIGÐISMÁL Þeir sjúklingar, sem sækja bótarétt sinn til Sjúkrtrygginga Íslands vegna vanrækslu eða mistaka við læknismeðferð, en fá synjun eða krefjast hærri bóta en þeir fá dæmdar, geta farið í skaðabótamál fyrir dómstóli.

Þyrí Steingrimsdóttir, lögmaður hjá Acta, hefur sinnt mörgum skaðabótamálum vegna mistaka í heilbrigðiskerfinu. „Eins og í venjulegu skaðabótamáli þarf að sanna að heilbrigðisstarfsmaður hafi af ásetningu eða gáleysi valdið tjóninu. Að hann



ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR

berir sannarlega sök. Það getur verið mjög erfið að sanna það,“ segir Þyrí. Hún segir að í hverju máli þurfi að fá hlutlausan matsmann og að mat hans sé grundvallarsönnunargagnið. „Íslenskt læknasamfélag er svo lítið og mikil tengsl innan samfélagsins þannig að það getur verið erfitt að finna hlutlausan sérfræðing. Það er helst að maður finni íslenskan lækni sem starfar erlendis til að meta málið og tengist viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum sem minnst.“

Öll skaðabótamál sem eru höfðuð vegna ábyrgðar starfsmanns



LANDSPÍTALI Skaðabótamál höfðuð gegn starfsmönnum á heilbrigðisstofnunum, þar á meðal Landspítala, fara í gegnum ríkislögmann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ Opnar heimasíðu um sjúklingaöryggi

Ástríður Pálsdóttir lýsti ferlinu sem hún þurfti að ganga í gegnum til að fá afhentar sjúkraskrár og gögn um andlát eiginmanns síns í helgarviðtali Fréttablaðsins fyrir nokkru. Hún hefur nú opnað heimasíðu um sjúklingaöryggi þar sem hún gefur leiðbeiningar og ráð byggð á eigin reynslu til þeirra sem standa í sömu sporum og hún.

Á síðunni, Astapalsblog.wordpress.com, er einnig að finna allar sjúkraskrár mannsins, samskipti við stjórnendur Landspítala og landlæknisembættisins auk kærðu Ástríðar til lögreglu. „Aðalástæðan fyrir því að ég opna síðuna er vegna þess að þar er sönnunin um vanræksluna sem maðurinn minn varð fyrir við meðferð á Landspítalanum,“ segir hún.

heilbrigðisstofnunar fara í gegnum ríkislögmann enda eru þau höfðuð gegn ríkinu. Árin 2011-2012 voru 11 slík mál höfðuð. Enn er fjórum

málið ólokið 2014, sýknað var í fjórum tilfellum í héraðsdómi og í þremur tilfellum var bótaskylda dæmd. erlabjorg@frettabladid.is



BMW

www.bmw.is



Hrein akstursgleði

FJÓRHJÓLADRIF OG FALLEG HÖNNUN.

Hann heitir BMW 320d xDrive GT og er nýjasti bíllinn í hinni nýju og frísklegu GT línu frá BMW. Hærri sæti og meira rými fyrir farþega og farangur eru einkennandi fyrir bíllinn en sportlegir eiginleikar eru heldur ekki langt undan því 320d GT er búinn 184 hestafla dísilvél sem skilar 270 Nm í togi við einungis 1.250 sn/mín. xDrive fjórhjóladrifíð gefur þessum sportlega bíl forskotið á Íslandi.

BMW 320d xDrive Gran Turismo - 5,1 l/100 km*
Verð frá 7.690.000 kr.

*Míðað við uppgefna viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000



Nº28
2014

Listahátíð
í Reykjavík

Eldborg, 24. maí kl. 20.00

Bryn Terfel Einsöngstónleikar

Meðleikari: Eugene Asti

Eldborg, 29. maí kl. 20.00

Khatia Buniatishvili Einleikstónleikar

Miðasala hefst 25. mars kl. 12:00
á midi.is, í miðasölu Hörpu og á harpa.is



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN

Landsvirkjun

BRIM
SEAFOOD

Aðalfundur

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Engjateigi 9 – Reykjavík
Fimmtudaginn 10. apríl kl. 17:00

Dagskrá fundar:

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Niðurstaða rafræns stjórnarkjörs
- Tillögur til breytinga á samþykktum
- Önnur mál, löglega upp borin

Vakin er athygli á breyttum fundarstað.

Tillögur til breytinga á samþykktum verða aðgengilegar á sjódfélagavefnum.

Kosið verður um þrjá varamenn í stjórn sjóðsins. Þeim sjódfélögum sem hafa hug á að bjóða sig fram er boðið að kynna sig stuttlega á vef sjóðsins og eru þeir beðnir um að hafa samband við starfsmenn sjóðsins.

Í sjóðnum er virkt sjódfélagalýðræði og hafa allir sjódfélagar sem mæta á aðalfund jafnan atkvæðisrétt.

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga.



LÍFSVERK

LÍFEYRISSJÓÐUR
VERKFRÆÐINGA

Engjateigi 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is



Vissir þú að...

holl og góðfæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Týnd veröld er að opnast í Myanmar

Eyjaklasi í Myanmar, sem herföngingastjórnin þar í landi lokaði af, er nú að opnast umheiminum. Ferðamenn víða að úr heiminum munu streyma á svæðið á næstu árum, í óþökk fólksins þar sem hefur haldið í forna lifnaðarhætti árum saman.

MYANMAR, AP Eyjaklasi með 800 hitabeltiseyjum, gullnum mannlásum sandströndum, skógarþekju með fjölbreyttu dýralífi og engum ferðamönnum hljómar eins og það sé of gott til að vera satt.

Enda eru breytingar á döfinni á suðvesturströnd Myanmar, og þeir sem nú vilja koma svæðinu á kortið hjá ferðamönnum reikna með að það verði jafn vinsælt og Phuket-eyja í Taílandi innan skamms.

Í dag eru engir vegir í frumskóginn á meginlandinu og fólkið sem býr á Merguy-eyjaklasanum fer á milli staða eins og það hefur alltaf gert, á húsbátum þar sem það eyðir meirihluta ævinnar. Þetta er allt að breytast.

Merguy-eyjaklasinn hefur verið kallaður Týnda veröldin, en nú hefur nútíminn fundið hana. Fyrst koma veiðimenn og skógarhöggsmenn frá meginlandinu. Í kjölfarið fylgja verktakar og ríkir ferðamenn. Þeir sem eru að tapa þessari týndu veröld er Moken-fólkið. Áður gat það lifað á sjónum, ferðast á milli eyjanna á húsbátum sínum. Í dag eru sífellt fleiri komnir í land, og áfengissýki hefur farið illa með fólkið.

„Það var auðvelt að vinna sér inn peninga áður fyrr með því að stunda sjóinn. Það var auðvelt að fylla fötarnar af fiski. En nú eru margir af meginlandinu farnir að veiða á svæðinu,“ segir Aung San.

Hann liggur undir tré á eyju sem umheimurinn á ekkert nafn yfir, en er kölluð Eyja 115 á kortum, ásamt um það bil 20 körlum, konum og börnum af Moken-ættbálknum. „Lífið er orðið miklu erfiðara fyrir okkur og margir deyja.“

Svipaðir hópar bjuggu áður við strendur Taílands, til dæmis á vinsælu ferðamannasvæði á Phuket-eyju. Þeir sem eftir eru af frumbyggjum þess svæðis lifa flestir á ferðamönnum sem vilja ólmir láta taka af sér myndir eða kaupa vörur af fólkinu.

Þetta er ekki framtíðarsýn sem heillar Aung San. „Við viljum ekki deila svæði með fólkinu af meginlandinu. Við viljum fá að vera í friði.“



PARADÍS Hitabeltisloftslag, gullnar strendur og fallegar eyjar munu draga marga ferðamenn til Merguy-eyjaklasans í Myanmar á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

2.000

ferðamenn komu til Merguy-eyjaklasans í fyrra. Það eru um 2,5 ferðamenn á hverja af eyjunum 800.

Fátt bendir til þess að sú ósk ræstist. Herföngingastjórnin í Myanmar bannaði ferðir utanaðkomandi á svæðið til ársins 1996. Eftir að banninu var aflétt hafa ferðamenn komið í litlum hópum. Í fyrra komu um 2.000. Um það bil fimm á dag.

Aðeins eitt hótél er á svæðinu, en þeim mun fjölga hratt á næstunni. Í gangi er nokkurs konar kapphlaup um bestu eyjarnar. Rúmlega tugur fyrirtækja hefur fengið leyfi til uppbyggingar og fleiri fylgja í kjölfarið.

A vefsíðu eins þeirra fyrirtækja sem nú vinna að uppbyggingu á svæðinu er talað um það sem „næsta Phuket“. Þetta eina fyrirtæki ætlar að byggja hótél með spilavíti, golfvöll og snekkjuhöfn.

„Það er enginn infrastruktúr, engir bæir, engir vegir. Ekkert. Þetta var paradís. Enginn í hópnum okkar hafði séð nokkuð þessu líkt. Þetta var töfrum líkast,“ segir Christoph Schwanitz. Hann kom sem ferðamaður fyrir ári en er



HVERFUR Lífsmáti Moken-fólksins, sem segja má að sé frumbyggjar svæðisins, er að hverfa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

nú hluthafi í fyrirtæki sem selur siglingar um eyjaklasann á lúxus-snekkju.

Þó ferðaiðnaðurinn hugnist heimamönnum ekki sérlega vel gæti hann verið betri kostur en það sem nú er í gangi. Ólöglegt skógarhögg má finna víða, togarar veiða upp við ströndina og veiðipjófar herja á dýr í frumskóginum. Talsmenn þess að opna svæðið fyrir ferðamönnum segja að með því að leggja áherslu á umhverfisvæna ferðamennsku megi bjarga því sem bjargað verði í Merguy-eyjaklasanum.

Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

Kópavogur

Samlind-Bílstál

Askalind 3 · 200 Kópavogur
Sími 564 4632

Bifreiðaverkstæði Toppur

Skemmuvegi 34 · 200 Kópavogur
Sími 557 9711

Knastás

Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogur
Sími 557 7840

Bílaverkstæði Kjartan og Þorgeirs

Smiðjuvegi 48 · 200 Kópavogur
Sími 567 0060

Bílvík ehf.

Smiðjuvegi 4E · 200 Kópavogur
Sími 661 7062



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

BOLLUTILBOÐ

AFSLÁTTUR AF FISKIBOLLUM

AÐEINS KR/KG

790

HAFBERG
fiskibúð sælkerans
Gnóðarvog 44 • Sími 588 8686

OPÍÐ MÁNUDAGA · FÖSTUDAGA KL. 9 - 18.15 · LAUGARDAGA 11-16

KOMDU OG REYNSLUAKTU

PEUGEOT 3008 OG 5008



PEUGEOT 3008

kostar frá kr. **3.990.000**

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 4,7L/100km
CO₂ útblástur frá 110g



PEUGEOT 5008 - 7 manna

kostar frá kr. **4.190.000**

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 4,8L/100km
CO₂ útblástur frá 113g



Peugeot 3008



Peugeot 5008 - 7 manna.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akronesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

 Þú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

dontbuyfromicelandicwhalers.com

Er nauðsynlegt að skjóta þá?

Astrætisvögnum í Boston eru þessa dagana uppi auglýsingar þar sem vegfarendur vestra eru spurðir hvaðan fiskurinn sem þeir kaupa sé. Það eru fjöldamörg samtök sem standa að herferðinni sem er undir yfirskriftinni „Ekki kaupa af íslenskum hvalveiðimönnum“. (www.dontbuyfromicelandicwhalers.com).

Enn á ný erum við Íslendingar lentir í deilu við fjöldasamtök úti í heimi vegna hvalveiða. Við virðumst seint ætla að taka einu skynsamlegu afstöðuna, og hún blasir við, sem er að biðja Kristján Loftsson og félagi að gera eitthvað annað við tíma sinn en að drepa hval.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Við getum ekki fórnað hagsmunum okkar hvað varðar sölu á sjávarafurðum og sókn í ferðaþjónustu á altari þess að Kristján fái að fara sínu fram. Hvalveiðar eru ekki þjóðhagslega hagkvæmar og það sem verra er, með því að stunda þær

erum við að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Fæstar þjóðir sýna þessum veiðum skilning og við eigum mikið undir viðskiptum við þessar þjóðir.

Samtök ferðaþjónustunnar á Íslandi hafa gert fjölmargar athugasemdir við hvalveiðar og meðal annars beðið stjórnvöld hér á landi að banna veiðar í Faxaflóa. En það má ekki raska ró þvermóðskufullra hvalveiðimanna. Jafnvel þó viðskiptahagsmunir upp á milljarða séu undir. Ferðaþjónusta á Íslandi veltir hundruðum milljarða og er aukningin mikil ár frá ári, meiri en í nokkurri annarri atvinnugrein. Um þriðjungur ferðamanna sem kemur hingað til lands fer í hvalaskoðun. Áætlaðar tekjur af miðasölu í fyrra nema næstum tveimur milljörðum króna.

Farþegum í hvalaskoðun fjölga ár frá ári. Samkvæmt nýjustu tölum lítur allt út fyrir að farþegar í fyrra hafi verið yfir tvö hundruð þúsund. Árið þar áður var fjöldi farþega hundrað sjötíu og fimm þúsund – þeim hafði fjölgað um fjörutíu og fimm þúsund á milli ára. Það hefur tekið áratugi að byggja upp þessa tegund ferðaþjónustu hér á landi.

Við getum öskrað okkur háls um að öll þessi erlendu samtök hafi rangt fyrir sér og það sé réttur okkar sem fullvalda þjóðar að veiða hval. En það er sama hversu hátt við öskrum, það er enginn að hlusta. Þessar veiðar eru að skaða okkur og samkvæmt nýjustu fréttum hefur bandaríska matvælafyrirtækið High Liner Foods lýst því yfir að þar á bæ vilji menn ekki frekari viðskipti við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki.

Vissulega er erfitt fyrir veiðisamfélag að virða að vettugi þau rök að ekki sé verið að stunda veiðar á stofnum í útrýmingarhættu, og rangfærslur vaði uppi í málflutningi verndunarsinna. En þegar ekki er einu sinni markaður fyrir afurðirnar, sem er grundvallarforsenda, hvalkjötið hleðst upp í frystigeymslum Kristjáns, hlýtur afstaða sem byggist á þvermóðsku og jafnvel þjóðrembu að víkja. Við borðum það sem við veiðum. Við erum ekki eins og minkurinn.

Því er rétt að vitna í spámanninn Bubba Morthens sem söng og spurði fyrir mörgum árum: „Er nauðsynlegt að skjóta þá?“ Er þetta ekki bara orðið gott?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Iðnaðarhúsnæði í Vogum

Til leigu 2050 fermetra iðnaðarhúsnæði í Vogum. Tveir vinnslusalir með brúkrönum. Hátt til lofta og margar innkeyrsluhurðir. Malbikað plan og akstursleiðir. Afgirt lóð. Upplýsingar í síma 897-9743.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Góð samskipti

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, var gestur Mikael Torfasonar í þættinum Mín skoðun á Stöð 2 í gær. Þar ræddi Guðmundur bæði Framsóknarflokkinn fyrir og nú en einnig nýja flokkinn sinn, Bjarta framtíð. Hann sagði flokkinn hafa trú á að þjóðfélagið með ólíkum skoðunum, hagsmunum og lífsviðhorfum sé vettvangur þar sem þurfi að stunda stjórnsmál sem snúist um góð samskipti. Athygli vekur að hitt batteríð sem notar slagorðið „góð

samskipti“ á Íslandi er fyrirtækið Vodafone, sem hefur fallið talsvert í áliti undanfarin misseri vegna gagnalekans svokallaða. Vonandi munu góðu samskiptin ganga betur hjá Bjartri framtíð.

Það sem skiptir kjósendur máli


Annar þáttur var á dagskrá RÚV í gær, Sunnudagsmorgunn með Gísla Marteini Baldurssyni.

Par var meðal gesta framsóknarborgarfulltrúinn fyrirverandi Björg Ingi Hrafnsson. Í umræðu



um Evrópusambandið sagði Björg Ingi að kjósendur hefðu lítinn áhuga á Evrópumálum þegar gengið væri til sveitarstjórnarkosninga. Þar væri fólk að kjósa um velferð barnanna sinna, skattamál, peningamál, heilbrigðismál og menntamál. Björg Ingi ætti ef til vill að benda flokksbróður sínum Óskari Bergssyni á hvað það er sem skiptir kjósendur máli í sveitarstjórnarkosningum, enda er flokkurinn svo gott sem ekki til í borginni þar sem Óskar býður sig fram og mælist án fulltrúa í borgarstjórn. fanney@frettabladid.is

HALLDÓR



Stöðugleiki og ábyrgð

STJÓRN MÁL



S. Björn Blöndal varaborgarfulltrúi

Fæstir tengdu Besta flokkinn við stöðugleika og ábyrgð þegar við tókum við borginni fyrir fjórum árum, ekki einu sinni við sjálf. En það kom í ljós að eftir margra ára óstöðugleika og ábyrgðarleysi var þetta einmitt það sem vantaði. Við lögðum okkur að því: það þurfa þau að gera sem eru kosin til að vinna fyrir fólk.

Borgin þarf áfram stöðugleika og ábyrgð. Á þessu kjörtímabili höfum við komið Orkuveitunni úr vonlausri stöðu í góða stöðu. Við höfum unnið gegn atvinnuleysi með háu framkvæmdastigi og markvissum vinnumarkaðsaðgerðum. Og við ætlum að halda uppteknum hætti.

Við getum ekki aðeins fagnað árangri á þessu kjörtímabili – við höfum líka lært. Við vitum að ábyrgð fjármálastjórn skilar borginni miklu meiri hagnaði þegar til lengri tíma er litið en alls konar æfingar með gjöld og útsvar. Þær koma bara aftan að fólki síðar.

